

Breyting á friðlýsingu Varmárósa í Mosfellsbæ

Samráðsáætlun

Samstarfshópur skipaður fulltrúum Umhverfisstofnunar, Mosfellsbæjar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis vinnur nú að undirbúningi breytingu á friðlýsingu Varmárósa í Mosfellsbæ. Samráð er afar mikilvægur hluti af undirbúningnum og mikilvægt að það hefjist á fyrstu stigum málsins. Markmið samráðsins er að veita þeim sem eiga hagsmuna að gæta á svæðinu og þeim sem áhuga hafa á svæðinu að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þannig er leitast við að skapa sátt um breytingarnar.

Í júní 2020 verður samráðsaðilum sent erindi þar sem upplýst er um áform um breytingu á friðlýsingu Varmárósa. Óskað verður eftir athugasemdum og ábendingum sem gagnast gætu við undirbúningsvinnuna. Frestur til að skila inn athugasemdum og ábendingum er 8 vikur. Á haustmánuðum 2020 er stefnt að því að tillaga um breytingu á friðlýsingu Varmárósa verði auglýst í þrjá mánuði.

Hagsmunaaðilar og almenningur hefur kost á að senda inn ábendingar og athugasemdir við tillöguna. Samráðsaðilum sem tilgreindir eru í samráðsáætlun verður sent erindi þar sem fram kemur að tillagan sé auglýst til kynningar. Frestur til að skila ábendingum og athugasemdum við tillöguna verður þrjár mánuðir. Til viðbótar við það ferli sem lýst er hér að ofan verður haft samráð við sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni er til.

Samráðsaðilar

- Ferðamálastofa
- Ferðafélag Íslands
- Ferðafélagið Útivist
- Ferðaklúbburinn 4x4
- Félag leiðsögumanna
- Fiskistofa
- Fjallahjólabilagildi
- Fuglavernd
- Hafrannsóknarstofnun
- Hestamannafélagið Hörður
- Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn
- Landgræðslan
- Landsamband hestamanna
- Landssamband hjólreiðamanna
- Landvernd
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Suðurlands
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Rannsóknarsetur Háskóla Íslands
- Samgöngustofa
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samút
- Skipulagsstofnun
- Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar
- Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- Vegagerðin